



MESSA Í SVALBARÐSKIRKJU

Messað verður í Svalbarðskirkju sunnudaginn 26. ágúst kl. 11:00.

Sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir prédikar og byrjar þannig afleysingaþjónustu í Laufásprestakalli í námsleyfi sr. Bolla.

Kirkjukórinn syngur undir stjórn Petru.

Kleinukaffi í safnaðarstofu að lokinni messu.

Verið velkomin!

NÚ ER TÆKIFÆRIÐ!! - BLAK - PILKA SIATKOWA

Við höfum verið að spila blak í nokkur ár hér á Ströndinni, mestmegnis konur. Við viljum endilega fá fleiri í hópinn bæði konur og karla, fædd 2004 og eldri. Við æfum tvisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 18:00-19:30, og erum með þjálfara á annarri æfingunni. Við erum þokkalega skemmtilegar, svo við segjum nú sjálfar frá, og höfum verið að fara á nokkur hraðmót yfir veturinn hérna á svæðinu.

Nú í haust ætlum við að bjóða upp á nýliðaæfingar í nokkur skipti og hvetjum alla sem hafa minnsta áhuga að slást í hópinn. Æfingar byrja fimmtudaginn 30. ágúst og við biðjum áhugasama að skrá sig inná Svalbóallskonar og/eða senda fyrirspurnir á Hörpu Helga eða Önnu Dísu á messanger ☺

Sjáumst hress!!

FJÁRÖFLUN UNGLINGAÐEILDAR VALSÁRSKÓLA

Kirkland WC-pappír: 40 rúllur á 5.000 kr.

Klósettappír: 48 WC-rúllur 7.000 kr og 24 rúllur 3.500 kr.

Eldhúspappír: 15 rúllur 3.800 kr. og 5 rúllur 1.300 kr.

Gæðapappír sem er keyrður heim að dyrum. Til að panta pappír má hafa samband við Fjólu Þórhallsdóttur Smáratúni 1, sem tekur við pöntunum í síma 892-0773.

NÆSTU RUSLADAGAR

23. ágúst - Gráa / brúna tunnan

6. september - Gráa / brúna tunnan

13. september - Græna tunnan

20. september - Gráa / brúna tunnan

BÓKASAFN

Bókasafn Lestrarfélags Svalbarðsstrandar er í Ráðhúsinu á Svalbarðseyri. Það er opið á mánudögum kl. 17:00-19:00, en þess utan er hægt að komast á bókasafnið þegar skrifstofa sveitarfélagsins er opin.

Næsti útgáfudagur er fimmtudaginn 20. september.

Skilafrestur er til kl. 15:00 þriðjudaginn 18. september.